



Ársskýrsla 2014 - 2015

Skýrsla stjórnar Ljóstæknifélags Íslands Starfsárið 2014 - 2015

Uppsetning og texti: Halldór Steinn Steinsen. halldor@betraljos.is, S: 860 4152

Aðalfundur 2014

Aðalfundur Ljóstæknifélags Íslands var haldinn í húsnæði Rafiðnaðarskóla Íslands að Stórhöfða 27 þann 10. apríl. Halldór Steinn Steinsen, formaður félagsins, gerði grein fyrir starfsárinu í ársskýrslu. Dagskrá var sem hér segir sbr. lög félagsins:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Reikningsskil og samþykkt reikninga.
3. Tillögur stjórnar um starfsemi á næsta ári, fjárhagsáætlun og félagsgjöld.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning kjörnefndarmanns og endurskoðanda.
7. Önnur mál
8. Stjórnarskipti.

Stjórn

Nýkjörin stjórn félagsins kom saman 2. maí 2014 og skipaði með sér verkum. Stjórn var því þannig skipuð:

Halldór Steinn Steinsen formaður
Soffía Valtýsdóttir varaformaður
Einar Sveinn Magnússon gjaldkeri
Rósa Dögg Þorsteinsdóttir ritari
Ársæll Harðarsson ritstjórnarfulltrúi
Kristján G. Kristjánsson kynningarfulltrúi
Svanborg Hilmarsdóttir fræðslufulltrúi



Helstu mál stjórnar

Útgáfumál
60 ára afmælishátíð félagsins.
Stofnun fagráðs LFÍ
Alþjóðlegt ár ljóssins 2015
Vetrarhátíð Reykjavíkur
Íslensku lýsingarverðlaunin

Vikulegar vefsíðufærslur og fjölpóstur
aok Facebook síðu og fjölgun áhangenda.
Youtube síða félagsins og skrásetning atburða
Námskeið
Félagsskírteini og afslættir til félagsmanna.

Félagar

Gott starf hefur verið unnið á síðustu 2-3 árum við að halda utan um félagatal og markviss vinna hefur farið fram við að grisja félagatalið og tryggja að inni séu virkir félagar sem greiði til félagsins á . Félagar eru 159, nemar 8, fyrirtæki 35. Heiðursfélagar eru 3 og 70 ára og eldri 18.

Ný vefsíða



Skoðaðu nýjan bækling "Góð lýsing á heimilinu"

Nýjast



Námskeið að baki

27.04.2015

Námskeið LFÍ um Góða lýsingu á heimilinu og nýja tíma er að baki. Fyrirlesarar [...]



Aðalfundur LFÍ

27.04.2015


Aðalfundur Ljóstæknifélags Íslands verður haldinn fimmtudaginn 7.5 kl. 16:00 á jarðhæð í húsnæði Rafiðnaðarskóla [...]



Dagsljós hvenær sem er og hvar sem er ?

24.04.2015

Áhugaverð nýjung frá fyrirtækinu CoeLux hlaut Lux verðlaunin 2014 fyrir besta nýja ljósgjafann. Hér [...]





Nokkur reynsla er nú komin á nýja vefsíðu félagsins sem tekin var í notkun á síðasta ári. Við höfum haldið uppteknum hætti með vikulegar færslur á síðuna og fjölpóst til félagsmanna og það hefur mælst vel fyrir. Bætt hefur verið við efni síðunnar á forsíðu. Þess hefur verið gætt að skrásetja atburði félagsins í ljósmyndum og myndskleiðum og sett inná miðla félagsins. Það er óhætt að mæla með Youtube rás félagsins og Facebook enda talsvert af efni komið þangað inn. Nýr flokkur, "markaðsfréttir" var settur inná síðuna og verður nú í boði fyrir búnaðarsala að setja inn efni frá sínum fyrirtækjum. Nú er einnig verið að huga að því að koma myndefni sem hefur verið sett inná Facebook síðu félagsins inná vefsíðu félagsins til að tryggja varðveislu hjá félaginu.

Vefmælingar

Audience Overview

Apr 1, 2014 - Mar 25, 2015
Compare to: Apr 7, 2013 - Mar 31, 2014



Fjöldi heimsóknna (session) fór úr 1.974 í fyrra og uppí 3.905 fyrir tímabilið apríl 2014 – apríl 2015 sem er aukning um 98%, fjöldi notenda fer úr 1.017 uppí 2.465 sem aukning um 142%, fjöldi síðuflettingaa fer úr 6.823 í 11.586 sem er aukning uppá tæplega 70%. Þó skal vekja athygli á því að teljari síðunnar var óvirkur fram í September 2014. Þó sést augljóslega á myndinni að aðsókn er talsvert þéttari þetta tímabil heldur en tímabilið á undan. Þarna munar mest um útgáfu bæklingins Góð lýsing á heimilinu í kringum 60 ára afmæli félagsins í október sem hægt er að nálgast frítt á heimasíðu okkar. Þetta eru hvetjandi niðurstöður og til marks um að sýnileiki okkar er aukast sem er hið besta mál.

LFÍ á Facebook

Í kjölfar velgengni síðasta Facebook leikjar var ákveðið að endurtaka leikinn og fjölga þeim sem sjá síðuna okkar. Í þetta skipti var ákveðið að vekja athygli á íslenskri hönnun og framleiðslu. Því var farið í samstarf við Söndru Kristínu hjá Karon Designstudio. Hún fékkst til samstarfs og gaf einn lampa í leikinn. Það er óhætt að segja að viðtökur hafi verið afar góðar. “Reach” inná Facebook var 55.408 samanborið við 15.942 í fyrra, “like” voru 837 í samanburði við 524 í fyrra, “share” voru 883 samanborið við 292 í fyrra. Heildarfjöldi þeirra sem er búinn að setja “like” við síðu LFÍ er núna kominn uppí 859 samanborið við 419 í fyrra. Reynt hefur verið að setja amk eina vikulega færslu inná Facebook. Samtals er búið að setja inn 91 færslu inná Facebook á starfsárinu.

Þessi starfsemi hefur mælst vel fyrir og við munum halda uppteknum hætti og fjölga áhængendum síðunnar og þannig að okkar efni sjáist víða.

VILTU VINNA TRITON MINI ?

Ljóstæknifélag Íslands og Karon Designstudio ætla að taka forskot á jólasæluna og gefa einn TRITON MINI lampa að eigin vali að verðmæti Kr. 112.500,-

SMELTU Á “LIKE” VIÐ MYNDINA OG DEILDU HENNI. ÞÁ ERTU KOMIN(N) Í POTTINN.

Leikur lánloð við þig ?
Við drögum úr pottinum fyrir jólin 19.12.2014
TRITON er til sjnis og sölu hjá Epa og Kistu í menningarhúsinu Höf á Akureyri.

HÖNNUN // SANDRA KRISTÍN
ÍSLENSK HÖNNUN OG FRAMLEIÐSLA

— LJÓSTÆKNIFÉLAG ÍSLANDS



Nordisk lyspris



Innsend verk frá Ísland, Brú yfir Elliðarárósa og Borgartún 26B



Vinningshafinn Gammel Hellerup Gymnasium frá arkitektunum Bjarke Ingels Group


Norrænu lýsingarverðlaunin voru afhent í Stokkhólmi síðasta haust. Íslendingar áttu fulltrúa í dómnefndinni í gegnum LFÍ. Það kom í hlut Soffíu Valtýsdóttur varaformanns LFÍ að sitja fyrir hönd Íslands. Danir unnu að þessu sinni fyrir fjölnota íþróttahúsið “Gammel Hellerup Gymnasium” sem var unnið af arkitektastofunni BIG. Íslendingar sendu tvö verk inn til keppninar, annarsvegar göngu og hjólabrú yfir Elliðarárósa og hinsvegar skrifstofuhúsnæði tölvudeildar Arionbanka. Norrænu lýsingarverðlaunin verða næst afhent á Íslandi árið 2016.

60 ára afmælissýning

Ljóstæknifélag Íslands var stofnað þann 22. október 1954 og félagið varð því 60 ára á starfsárinu. Af þessu tilefni var gefinn út nýr bæklingur um góða lýsingu á heimilinu sem kemur í stað fyrra bæklinga sem gefinn var út á 50 ára afmæli félagsins. Málþing var haldið í húsnæði ON auk þess sem afmælissýning úr 60 ára sögu félagsins var sett á fót í samantekt LFÍ félaganna Aðalsteins Guðjohnsen, Daða Aðalsteinssonar og Guðna Gíslasonar.

Sérstakur gestur var Morten Jensen lýsingarhönnuður hjá AF lighting en aðrir fyrirlesarar voru Ársæll Jóhannsson hjá Reykjavíkurborg, Jón Sigurðsson frá ON, Guðjón L. Sigurðsson frá Verkís og Sigurður Ingi Friðleifsson frá Orkusetri. Sérstakt afmælismerki var hannað fyrir félagið af þessu tilefni sem notað er á vefsíðu og öðru kynningarefni. Afmælisfagnaður var ágætlega sóttur og góður rómur gerður að dagskránni.

Á þessum viðburði notaði Halldór Steinn Steinsen formaður LFÍ tækifærið til að útnefna Guðna Gíslason heiðursfélag LFÍ enda starfað mikið og vel fyrir félagið í áraraðir og faðir hans á undan honum.




Pakklætisvottur til þeirra sem lögðu hönd á plóg



Góð lýsing á heimilinu



60 ára afmælissýning LFÍ



Frá "Shadow selfie" mynd frá Guðna Gíslason

Guðni 2015



Inngangur Perlunnar



Inni í tóma tanki Perlunnar að skoða kvikmyndasýningar LFÍ

Vetrarhátíð Reykjavíkur og Íslensku lýsingarverðlaunin

Hápunkturinn í starfsemi LFÍ var á Vetrarhátíð Reykjavíkur eins og í fyrra. Það stýttist í að Nordisk Lyspris verði afhent á Íslandi árið 2016 og þessvegna var talið skynsamlegt að byrja vinnu og undirbúa jarðvegin útávið með því að afhenda hin Íslensku lýsingarverðlaun með hátíðlegri athöfn og að skapa flotta umgjörð utan um þennan viðburð með ljósinnsetningum, og fleiri skemmtilegum viðburðum til að vekja athygli á mikilvægi ljóssins.


Reykjavíkurborg var innan handar við að útvega flottan vettvang á jarðhæð Perlunnar og okkar viðburðir fengu heilmikla kynningu í gegnum fjölmiðlaherferð Reykjavíkurborgar.

Lýsingardeild Verkís og Jóhann Ólafsson & co báru hitann og þungann af lýsingarinnsetningum og settu inngang, gosbrunn og jarðhæð Perlu í annan búning með ljósi. Styrkir komu frá fleiri velunnurum félagsins. 60 ára afmælisýning LFÍ var sett upp á ný. Í tóma tanki Perlunnar voru kvikmyndasýningar. Sýnd voru myndskreiðin “Passing through” eftir Ólaf Haraldsson og Kristian Ulrich Larsen og Iceland Aurora eftir Snorra Þór Tryggvason. Þórdís Rós Harðardóttir lýsingarhönnuður hjá EFLU var með innsetningu í veitingastaðnum Nauthól skammt frá Perlu.

Aðsókn var mjög góð allan þann tíma sem vetrarhátíð stóð yfir og talsvert um ferðamenn.

Íslensku lýsingarverðlaunin voru afhent af Ragnheiði Árnadóttur iðnaðarráðherra eftir að formaður dómnefndar Örn Guðmundsson hafði gert grein fyrir vali dómnefndarinnar. Vinningshafi var Verkís fyrir lýsingarhönnun Akratorgs á Akranesi. Þess var gætt að fá fagaðila til að taka ljósmyndir og myndskreið til skrásetningar og var gaman að sjá stutt stemningsmyndskreið frá viðburðinum. Með þessu móti söfnum við efni á Youtube rás félagsins þar sem má finna talsvert af efni.

Grafískur hönnuður var fenginn til að búa til “séríslenskt” útlit á allt útsent efni um verðlaunin og einnig til að setja upp yfirlitsmynd af innsendum verkum. Þannig búum við til sérstaka umgjörð um þessi verðlaun með sínum sérkennum í útliti sem tekið er eftir.




Séríslenskt útlit Íslensku lýsingarverðlaunanna

AKRATÖRG




APÓTEK



ROKKSAFN ÍSLANDS (HILJÓMAHÖLLIN)




BIG LITTLE ROCK



FMÖS




ION LUXURY ADVENTURE HOTEL



VERKÍS



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



Innsendar tillögur
í Íslensku lýsingarverðlaunin.



Vinningshafar
Íslensku lýsingarverðlaunanna
2014

Light boost


Ljóstæknifélag Íslands er komið í samstarf við DCL í Danmörku og Lyskultur í Noregi um að þróa áfram verkefni sem lýtur að markaðssetningu á norrænni lýsingarhönnun og lömpum. LFÍ hefur vilyrði um styrk frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands uppá 10.000 Evrir til að vinna að þessu verkefni. Halldór Steinn Steinsen fór á dögnum til Danmerkur á fund um þetta verkefni og umfang þess fer að skýrast en verður unnið í góðu samstarfi við Danmörku og Noreg en megnið af upplýsingum verður unnið að mastersnema sem hefur aðsetur í DCL í Danmörku.

Félagsskírteini

Við fórum af stað með þá nýjung í fyrra að gefa út sérstakt félagsskírteini. Hugmyndin var sú að senda út raunverulega staðfestingu á félagsaðild og einnig að nota kortið sem afsláttarkort hjá birgjum sem vildu taka taka þátt í þessu. Góður rómur hefur verið gerður að þessu frumkvæði og við ákváðum því að halda þessu áfram og gefa félagsskírteini út í annað skipti.

Hönnunarmars

Hönnunarmars var haldinn 12-15 mars. Nokkrir félagar í LFÍ tóku þátt í þessari hönnunarhátíð. Kjartan Óskarsson sýndi nokkra lampa eftir sig, Kristján Kristjánsson sýndi einnig lampa sem var samstarfsverkefni með Daniel Byström. Loks tók Halldór Steinn Steinsen form. LFÍ saman við Unni Valdísi vöruhönnuð, Sigga Eggerts grafískan hönnuð ásamt Eygló Margréti fatahönnuð um að setja Sundhöll Reykjavíkur í annan búning fyrir sýningu á verkum þeirra. Þessi viðburður var einstaklega vel sóttur þrátt fyrir að veðurguðir hefðu ekki verið í sem bestu skapi.



Halo lampi eftir Kjartan Óskarsson

Námskeið



Frá námskeiði um góða lýsingu á heimilinu og nýja tíma

Fagráð

Það er ánægjulegt að segja frá því að nú er stofnun fagráðs LFÍ á lokametrunum. Formaður, Halldór Steinn Steinsen og varaformaður Soffía Valtýsdóttir hittu tilvonandi fagráðsmeðlimi til að leggja línur fyrir starf þessa ráðs. Guðjón L.Sigurðsson félagi í LFÍ var fánlegur til að leiða þetta starf og það er gleðiefni. Það er von stjórnar LFÍ að með þessu fáum við formlegan vettvang til að leysa úr álitafnum og jafnframt vettvang til að taka upp umræðu um ljós og lýsingarhönnun á breiðum vettvangi.

Ár ljóssins

Árið 2015 hefur verið útnefnt ár ljóssins af Sameinuðu Þjóðunum. LFÍ hefur verið í samráðshópi með Háskóla Íslands og félagi Sameinuðu Þjóðanna um athafnir á þessu ári. Annar félagsskapur "Lighting Related Organisations" er alþjóðlegt framtak ljóstæknifélaga sem var sett á fót til að vekja athygli á ljósi og lýsingarhönnun í hinu byggða umhverfi. Ljóstæknifélag Íslands er aðili að þessum félagsskap. Þeim árangri var náð að verða formlegur aðili að alþjóðlegu ári ljóssins hjá Sameinuðu Þjóðunum. Háskólinn í Reykjavík hefur haft samband við LFÍ um mögulegt samstarf í tilefni af ári ljóssins. LFÍ tók saman við hönnuði á hönnunarmars í tilefni af árinu. Fleiri athafnir verða án efa næsta vetur.

Starfið framundan

Vefur og Facebook

Öflugu starfið hefur verið haldið úti með nýrri vefsíðu og amk vikulegum færslum á Facebook. Þetta vekur á okkur athygli og áhangendum síðunnar fjölgar með hverjum leik og mikilvægt að setja efni inn reglulega og hafa það fjölbreytt. Þessu verður haldið áfram.

Útgáfumál

Það ástæða til að gleðjast yfir útgáfu ritsins “Góð lýsing á heimilinu”. Vinna við nýtt og uppfært rit um neyðarlýsingu hefur gengið hægar. Ritnefnd er starfandi og vinna sé langt komin og því er það okkar vona að við munum líta nýtt rit um neyðarlýsingu á næsta starfsári.

Lightboost

Þetta verkefni er nýhafið en mun áreiðanlega stækka að umfangi á næsta starfsári enda styrkur hlotist uppá 1.5 milljónir til að sinna þessu.

Nordisk lyspris 2016

Það stendur til að afhenda norrænu lýsingarverðlaunin hér árið 2016, væntanlega í september sbr afhendingu í Svíðþjóð í fyrra. Nú þarf vinna að hefjast við þetta og hvernig við afhendum verðlaunin þannig að eftir verður tekið. Norrænu þjóðirnar eru áhugasamar um, sérstaklega Danir og Norðmenn eru áhugasamir um að auka sýnileika þessara verðlauna og eru reiðubúnir að hjálpa okkur til þess. Þetta er mikilvægt að nýta sér. Ný stjórn þarf að byrja starf við þennan viðburð.

Vetrarhátíð Reykjavíkur

Samtarf við Reykjavíkurborg hefur gefið góða raun og félagið hefur fengið ágætis kynningu á sinni starfsemi með því að stilla sína viðburði inná Vetrarhátíð Reykjavíkur. Því teljum við líklegt til árangurs að halda áfram að hafa hámark starfseminnar í febrúar á Vetrarhátíð. Íslensku lýsingarverðlaunin gáfust vel og það er ágætis undirbúningur fyrir Nordisk lyspris að afhenda þau í febrúar.

Lokaorð

Starfsemi Ljóstæknifélags Íslands heldur áfram að aukast og með því sýnileiki ljóssins og lýsingarhönnunar. Reksturinn hefur gengið ágætlega, bæklingur um Góða lýsingu á heimilingu gaf ágætlega í aðra hönd. Félagsgjöld hafa skilað sér ágætlega. Útgjöld hafa hinsvegar aukist samfara aukinni starfsemi. Þetta starfsár var afmælisár og því ekki óeðlilegt að séu nokkur af því. Ávallt er starfað eftir þeirri meginreglu að láta atburði félagsins nokkurn veginn standa undir sér. Ljóstæknifélag Íslands er í sókn og framundan er gott starfsár fyrir Ljóstæknifélag Íslands.

